




Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið



Reykjavík, 24. janúar 2018
RMF17120006
3.1.3

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningar við Tónskáldafélag Íslands v. Myrka músíkdaga, Blúshátíð í Reykjavík og Jazzhátíð í Reykjavík

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 22. janúar sl. voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi undirritaðir samningar: Samstarfssamningur við Tónskáldafélag Íslands v. Myrka músíkdaga 2018-2020, Blúshátíð í Reykjavík 2018-2020 og Jazzhátíð í Reykjavík 2018-2020.

Samningunum er vísað til borgarráðs til samþykktar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur við Tónskáldafélag Íslands v. Myrka músíkdaga 2018-2020
Samstarfssamningur við Blúshátíð í Reykjavík 2018-2020
Samstarfssamningur við Jazzhátíð í Reykjavík 2018-2020

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Tónskáldafélag Íslands kt. 660269-0889, Laufásvegi 40, 101 Reykjavík gera með sér svofelldan:

SAMNING

Samningur þessi fjallar um stuðning Reykjavíkurborgar við Tónskáldafélag Íslands vegna Myrkra músíkdaga á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Myrka músíkdaga er að:

- styðja mikilvægan vettvang framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi sem endurspeglir margbreytileika tónlistar í samtímanum. Hinir ólíku straumar í íslenski tónsköpun í samtímanum birtist í fjölbreyttri dagskrá Myrkra músíkdaga – þar sem komi saman tónskáld og tónlistarflytjendur úr flestum geirum íslensks tónlistarlífs.
- vekja athygli á nýrri íslenski tónlist, bæði héraðs og erlendis.
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

2. gr. Forsaga

Myrkir músíkdagar er ein elsta starfandi tónlistarhátíð landsins og hefur frá stofnun árið 1980 gegnt mikilvægu hlutverki sem vettvangur framsækinnar samtímatónlistar á Íslandi. Á hátíðinni er lögð áhersla á áhugaverða og skemmtilega tónleika þar sem frumsköpun og tilraunastarfsemi eru í fyrirrúmi en stór hluti tónverkanna eru frumflutt. Íslensk tónlist hefur ávallt verið í forgrunni á dagskrá hátíðarinnar ásamt völdum nýjum tónverkum erlendis frá. Frá upphafi hefur hátíðin verið rekin af Tónskáldafélagi Íslands sem er frjálfs félagasamtök og er því ekki rekin í hagnaðarskyni. Miðaverð hátíðarinnar er haldið í lægri kantinum til að gefa fleirum kost á að njóta listformsins og því ná tekjur af miðasölu ekki að greiða öll útgjöld hátíðarinnar.

3. gr. Markmið Myrkra músíkdaga

- ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF. Samstarf við erlendar lista- og menntastofnanir hefur alltaf verið eitt af meginmarkmiðum Myrkra músíkdaga. Þó svo að íslensk tónlist sé í aðalhlutverki sækja erlendir gestir hátíðina heim á hverju ári og hafa gert í áraraðir. Í gegnum margskonar alþjóðlegt samstarf hefur hátíðin boðið til sín listamönnum, listrænum stjórnendum, prófessorum og nemendum frá Norðurlöndunum, Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum og stuðlað þannig að tengslum milli íslenskra listamanna og fagfólks um allan heim. Hafa þessar heimsóknir átt þátt í að veita íslensku listafólki brautargengi á erlendum markaði tónlistar og opnað þannig á alþjóðlegt samstarf og viðurkenningu.
- FRÆÐSLUSTARF FYRIR ALLA ALDURSHÓPA. Hátíðin leggur mikla áherslu á að laða að mismunandi áhorfendahópa með fræðslu og örvun þeirra að leiðarljósi. En uppfræðsla yngri kynslóðarinnar er lykilatriði í eflingu samtímatónlistar. Meðal þessarar fræðslustarfsemi er Töfrahurð sem er með tónleika sem kynna samtímatónlist fyrir börnum og foreldrum þeirra. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og nokkurra tónlistarskóla og koma þau fram á tónleikum í Hörpu. Verkefnið er mikilvægt til að kynna ungt tónlistarfólk fyrir því starfi sem fram fer í sinfóníuhljómsveit en einnig að kynna þau fyrir þeim áhorfendum sem koma á Myrka Músíkdaga. Auk þess fær upprennandi

tónlistarfólk tækifæri að koma fram á stórri samtímatónlistarhátíð og fá forsmekkinn af að starfa í sinfóníuhljómsveit. Hljóðfæraleikarar og tónskáld verða með fyrirlestra og málþing í LHÍ dagana fram að hátíðinni. Munu þeir viðburðir allir vera opnir almenningi.

- **GRASRÓTIN.** Myrkir músíkdagar hafa haft að leiðarljósi að hlúa að grasrótinni í samtímatónlist með því að vera að vissu leyti gróðrarstöð fyrir tilraunir í samtímatónlist fyrir íslensk tónskáld. Hafa Myrkir Músíkdagar á undanförunum árum verið vettvangur fyrir frumflutning á verkum eftir tónskáld sem hafa nýlega lokið námi og tónlistarhópa sem hafa haft flutning á samtímatónlist sem eitt af þeirra aðalmarkmiðum.
- **MENNINGARFERÐAMENNSKA.** Miðasölu hátíðarinnar má auka enn frekar með markaðssetningu í tengslum við ferðamálaíðnaðinn, en aukning ferðamanna á viðburðum sem fara fram í Reykjavík fer sífellt vaxandi. Í því sambandi er hátíðin í samstarfi við Íslandsstofu og ÚTÓN sem aðstoða við að tengja hátíðina við innlenda og erlenda ferðaþjónustuaðila auk Höfuðborgarstofu vegna kynningarmála sem mun stuðla að aukinni menningarferðamennsku í Reykjavík.
- **FRAMTÍÐARSÝN.** Markmið hátíðarinnar til framtíðar er að stuðla enn frekar að flutningi íslenskra tónverka héraðs og erlendis, en því verður náð með því að halda uppi öflugri kynningu á nútímatónlist með vandaðri og metnaðarfullri dagskrá sem samanstendur af nýrri íslenskri tónlist, panta ný tónverk hjá íslenskum tónskáldum fyrir hátíðina og skipuleggja viðburði með vandaðri dagskrá fyrir börn sem hafa fræðilegt og uppeldislegt gildi ekki síður en skemmtun, en einnig með því að útvíkka frekar það alþjóðasamstarf sem grunnur hefur verið lagður að nú þegar. Mikilvægt er að rækta þessi tengsl til að greiða fyrir frekari útflutningi íslenskrar samtímatónlistar.

4. gr. Framlag Tónskáldafélags Íslands

Tónskáldafélag Íslands tekur að sér að halda Myrka músíkdaga árlega 2018, 2019 og 2020. Er dagsetning og prentuð dagskrá hvernar hátíðar liggur fyrir skal hún send skrifstofustjóra menningamála á Menningar- og ferðamálasviði.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Myrka músíkdaga jafnt innanlands sem utan, komi fram að hátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir það merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.vistitreykjavik.is við vef Myrka músíkdaga þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Tónskáldafélagi Íslands til í beinum fjárframlögum kr. 1.800.000.- á ári 2018, 2019 og 2020 og greiðist upphæðin í einni greiðslu 3. – 5. janúar ár hvert þar sem hátíðin er haldin í ársbyrjun. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

7. gr. Ábyrgð

Tónskáldafélag Íslands ber ábyrgð á Myrkum músikdögum og að þeir fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Tónskáldafélag Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Tónskáldafélagi Íslands er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september 2018, 2019 og 2020 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Tónskáldafélags Íslands að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Tónskáldafélags Íslands skilar þá Menningar- og ferðamálasviði áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi fyrra árs.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings.

Telji Tónskáldafélag Íslands hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal skrifstofustjóra menningarmála tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er skrifstofustjóra menningarmála heimilt að fella niður greiðslur eða rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og rifta samningnum.

10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um gerð samstarfssamnings til þriggja ára. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 22.12.2017.

F.h. Reykjavíkurborgar


Vottarað rétttri dagsetningu og undirskrift:



F.h. Tónskáldafélags Íslands



170179-3909

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Blúshátíð í Reykjavík, kt. 590304 – 3520 gera með sér svofelldan:

SAMNING

um fjárstuðning Borgarhátíðasjóðs Reykjavíkurborgar við Blúshátíð í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Blúshátíð er að:

- styrkja og efla vitund almennings um blústónlist
- gefa ungu blúsfólki tækifæri á að koma fram með reyndari tónlistarmönnum
- gera borgarbúum glaðan dag með lifandi tónlistarflutningi víðsvegar í miðborginni
- vekja athygli á og kynna íslenska blústónlistarmenn hér á landi og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
11 JAN. 2018
Málsnr.: RMF 1720006
Skjalaflokkur: 3.1.3.

2. gr. Forsaga og markmið

Samkvæmt stofnskrá félagsins Blúshátíð í Reykjavík er tilgangur þess að halda Blúshátíð í Reykjavík árlega, kynna blústónlist í skólum og efla blústónlist á Íslandi. Félagar geta orðið einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir. Hátíðin er starfandi allt árið um kring með kynningu á blústónlist, hátíðahöldum, fræðslu í skólum, námskeiðahaldi og öðru kynningarstarfi. Blúshátíð í Reykjavík er hápunktur starfseminnar, en hátíðin er haldin í dymbilviku ár hvert, þar sem listrænt gildi er sett á oddinn. Hátíðin hefst laugardaginn fyrir pálmásunnudag, með Blúsdegi í miðborginni, og margvíslegum tónlistarlegum uppákomum. Blúsdagurinn er haldinn í samvinnu við verslanir og þjónustufyrirtæki í miðborginni. Markmið Blúsdagsins er fyrst og fremst að bjóða borgarbúum til blúsveislu og efla vitund almennings um blústónlistina, gera borgarbúum glaðan dag, gefa ungu blúsfólki tækifæri til að koma fram með reyndari tónlistarmönnum og að auka áhuga fyrirtækja á þátttöku í þeim listviðburði sem hátíðin er auk þess er gert ráð fyrir lifandi tónlistarflutningi víðs vegar í borginni. Hápunktur Blúshátíðar er þrennir stórtónleikar í dymbilviku á Hilton Reykjavík Nordica. Á tónleikunum koma fram erlendir gestir og rjóminn af íslenskum blúsmönnum og konum.

Hátíðin setur sér markmið sem hún hefur náð og heldur áfram að vinna að. Blúshátíð í Reykjavík var fyrst haldin í dymbilviku 2004. Hátíðina þá sóttu um 700 manns. Árið 2017 sóttu um 5000 manns hátíðina. Allir bestu blúsmenn Íslands og aðrir virtir tónlistarmenn hafa komið fram á hátíðinni. Samstarf við Blúshátíðir á Norðurlöndunum hefur þegar skilað þeim árangri að atriði Blúshátíðar í Reykjavík ytra hafa vakið mikinn áhuga, böndin hafa verið treyst þannig að útrás Íslendinganna felur jafnframt í sér innrás útlendinganna hingað til lands, því jafnt og þétt eykst áhugi útlendinga á að koma á hátíðina, þótt landinn hafi líka heldur betur tekið við sér. Vaxtarbroddana þarf að treysta og gefa þeim svigrúm til að ná enn lengra. Ungir blúsmenn sem komið hafa fram á Blúshátíð í Reykjavík skipta hundruðum. Samstarf er við Músiktilraunir um að efnilegir tónlistarmenn þaðan komi fram á Blúshátíð. Hátíðin hefur fylgt jafnréttisstefnu og lagt mikla áherslu á þátttöku kvenna enda náð að auka hlut kvenna í blústónlist og styðja ungar og efnilegar konur. Hún sinnir ráðgjöf og aðstoð við stofnun

blúshátíða og blúsfélaga um allt land og heldur námskeið fyrir unga tónlistarmenn auk þess að senda blúshljómsveitir og blúsmenn af höfuðborgarsvæðinu til tónleikahalds á landsbyggðinni. Blúsinn er tónlist fólksins. Hátíðin leggur áherslu á að blúsinn miðlar friði, samkennd og skilningi á lífi og örlögum mannsins. Blúsinn er öflugt vopn gegn kynþáttahatri og skapar andrúmsloft mannkærleika hvar sem hann heyrir.

3. gr. Framlag Blúshátíðar

Blúshátíð í Reykjavík skipuleggur og heldur Blúshátíð árlega 2018, 2019 og 2020. Er dagsetning og dagskrá hvernar hátíðar liggur fyrir skal hún send skrifstofustjóra menningamála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar.

Blúshátíð í Reykjavík ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og kynnir Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Blúshátíð í Reykjavík sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Tengja má ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.visitireykjavik.is við vefi hátíðarinnar til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Blúshátíð í Reykjavík til í beinum fjárframlögum kr. 2.000.000.- á ári 2018, 2019 og 2020 og greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða kr. 1.000.000. þ. 1.-3. mars og 1.-3. apríl ár hvert.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 101 – 26 – 003520, kt. 5903043520.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

Blúshátíð í Reykjavík ber ábyrgð á Blúshátíð og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Blúshátíð í Reykjavík ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Blúshátíð í Reykjavík er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Blúshátíð í Reykjavík auk samstarfs Höfuðborgarstofu um kynningarmál. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2018, 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Blúshátíðaskilar þá samningsaðilum ársreikningi fyrra árs, skýrslu um liðna hátíð og áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Blúshátíð hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Blúshátíð hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavík, 11/11 2018

F.h. Reykjavíkurborgar

Signý Pálsdóttir

F.h. Blúshátíðar í Reykjavík

Halldór Bragason

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

ingge maría lewisdóttir 050977-3829
Ása Selvaug 150368-5889

12 JAN. 2018

Málsnr.: RMF _____

Skjalaflokkur: _____

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Jazzhátíð Reykjavíkur, kt. 610591-1409 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við við Jazzhátíð Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Jazzhátíð Reykjavíkur er að:

- hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi
- vekja athygli á og kynna íslenska jazztónlistarmenn hér á landi og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

2. gr. Forsaga

Jazzhátíð Reykjavíkur hefur verið haldin árlega síðan 1990 (hét þá RúRek vegna samstarfs við Ríkisútvarpið) og á þeim tíma hefur orðið mikil efling á sviði jazztónlistar á Íslandi. Stefna hátíðarinnar er að sýna mikla breidd og að höfða til sem flestra, þannig að hugtakið jazz er notað í víðum skilningi sem er í takt við þá skörun sem hefur orðið á ýmsum tónlistarstefnum við jazztónlist í seinni tíð.

Jazzhátíð Reykjavíkur hefur verið í ágúst undanfarin ár en sú nýbreytni verður 2018 að halda hana í september. Jazzhátíð Reykjavíkur er mikilvægur gluggi íslenskra jazzlistamanna út í heim og tekur hátíðin þátt í erlendu samstarfi auk þess að bjóða erlendum listrænum stjórnendum að koma og upplifa íslenskan jazz. Jazzmúsík hefur sögulega verið karllæg og leitast Jazzhátíð Reykjavíkur við að auka hlut kvenna og sýnileika í jazztónlist auk þess að skapa tækifæri fyrir unga og efnilega jazzleikara. Jazzhátíð freistar þess að höfða til allra aldurshópa og allra þjóðfélagshópa. Á hátíðinni er ávallt talsvert af viðburðum sem eru ókeypis. Miðaverði er einnig mjög stillt í hóf.

3. gr. Markmið Jazzhátíðar

- að búa til fyrirmyndarvettvang fyrir íslenskt tónlistarfólk og bjóða uppá það besta af alþjóðlega sviðinu
- aukin alþjóðleg samskipti sem stuðla að aukinni dreifingu íslenskrar tónlistar um allan heim
- að leggja áherslu á samstarfsverkefni íslenskra og erlendra listamanna, verkefni sem skila sér í auknu tónleikahaldi íslensks tónlistarfólks erlendis, aukinni dreifingu íslenskrar tónlistar um allan heim og setja Reykjavík á kortið sem kraumandi jazzborg.
- að halda veglega jazzhátíð í sumarlok ár hvert.

3. gr. Framlag Jazzhátíðar

Jazzhátíð Reykjavíkur skipuleggur og heldur Jazzhátíð árlega 2018, 2019 og 2020 auk þátttöku í erlendu samstarfi. Hún á í góðu samstarfi við aðra aðstandendur metnaðarfullra tónlistarhátíða og fulltrúa á sviði ferðamála á menningar- og ferðamálasviði. Er dagsetning og dagskrá hverrar Jazzhátíðar Reykjavíkur liggur fyrir skal hún send skrifstofustjóra menningamála Reykjavíkurborgar.

56

4. gr. Kynningarmál

Jazzhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og kynsir Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Jazzhátíð Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á vef Reykjavíkurborgar, <http://reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur>. Tengja skal ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.vistitreykjavik.is við vefi hátíðarinnar til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Jazzhátíð Reykjavíkur til í beinum fjárframlögum kr. 3.000.000.- á ári 2018, 2019 og 2020 og greiðist upphæðin í þremur jöfnum greiðslum eða kr. 1.000.000.- þ. 15. mars, 15. maí og 1.-3. ágúst ár hvert.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 130 – 26 – 8001409, kt. 610591-1409.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

5. gr. Ábyrgð

Jazzhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á Jazzhátíð og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Jazzhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Jazzhátíð Reykjavíkur er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Jazzhátíð Reykjavíkur. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu Jazzhátíðar Reykjavíkur að áherslum Jazzhátíðar fyrir komandi starfsár. Jazzhátíð skilar þá samningsaðilum áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og árituðum ársreikningi og skýrslu fyrra árs. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Jazzhátíð Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Jazzhátíð Reykjavíkur hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

67 PR

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember 2017 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Reykjavík, 12.1.2018

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Jazzhátíðar Reykjavíkur

[Handwritten signatures]

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

ingja maría Leifdóttir 050977-3829
Maná Rut Reynisd. 220774-3099